



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/211
komudagur 23. 11. 2009

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2009

Efni: Umsögn FÍStjórnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa), 70. mál, (Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010).

I. Almennt um frumvarpið og efnislegar ábendingar

Vísað er til erindis háttvirtrar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 10. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍStjórnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa).

FÍStjórnun telur að umrætt frumvarp feli í sér breytingar sem séu jákvæðar. Með frumvarpinu eru stjórnhættir ákveðinna félaga færðir til betra horfs sem verður að telja jákvætt. FÍStjórnun bendir hins vegar á að færa má sterk rök fyrir því að fleiri félög en þau sem frumvarpið tekur til kunnri að njóta góðs af slíkum endurbótum.

Með tilliti til þess lærdóms sem draga má af þróun viðskiptalífsins undanfarin misseri og breyttra viðhorfa í þjóðfélaginu kann því að vera eðlilegt að þær breytingar sem frumvarpið kveður á um taki til hlutafélaga í heild sinni en ekki einungis þeirra sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Vandséð er að takmörkun bættra stjórnháttanna eigi að einskorðast við svo þröngan hóp félaga eins og lagt er til í frumvarpinu. FÍStjórnun gerir það því að tillögu sinni að gildissvið umræddrar breytingar verði víkkað út til muna og látið ná til allra félegra yfir ákveðinni stærð.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/36/EB kemur ekki í veg fyrir að ríki geti lagt frekari skyldur á félög eða að þau geri frekari ráðstafanir til að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi þau sem tilskipunin kveður á um, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Vandaðir stjórnhættir fyrirtækja eiga ekki að vera forréttindi hluthafa í sérvöldum félögum. Þeir eiga að mati FÍStjórnunar að vera almennir og verja sem breiðastan hóp hluthafa, kröfuhafa og almennra haghafa í íslenskum hlutafélögum.

Ákvæði um aukin réttindi hluthafa og aukið gagnsæi almennt geta að mati FÍStjórnunar aðeins haft góð áhrif til framtíðar. FÍStjórnun þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað en gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en að ofan greinir.



– fyrir íslenska verslun

II. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Harpa Samúelsdóttir iögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



– fyrir íslenska verslun